

# Aðalfundur

Aðalfundur Landsbanka Íslands hf. verður haldinn á Grand Hótel föstudaginn 9. Febrúar 2007 kl. 16.

## Dagskrá:

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans sl. starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps á síðastliðnu reikningsári.
4. Kosning bankaráðs.
5. Kosning endurskoðenda.
6. Tillaga um að heimila bankanum að kaupa eða taka að veði allt að 10% af eigin bréfum.
7. Tillögur til breytinga á samþykktum .
8. Tillaga bankaráðs um valrétt á hlutabréfum til starfsmanna og um Starfskjarastefnu Landsbanka Íslands hf. lögð fram til samþykktar.
9. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.
10. Önnur mál, löglega fram borin.

Tillögur frá hluthöfum, sem bera á fram á aðalfundi, skulu hafa borist í hendur stjórnar með skriflegum hætti eigi síðar en átta dögum fyrir aðalfund. Tilkynna skal skriflega um framboð til bankaráðs eigi síðar en 5 dögum fyrir aðalfund. Dagskrá, endanlegar tillögur, skýrsla bankaráðs, ársreikningur félagsins, ásamt skýrslu endurskoðenda liggja frammi í Aðalbanka Landsbankans, Austurstræti 11, Reykjavík, hluthöfum til sýnis viku fyrir aðalfund. Á sama stað munu upplýsingar um framboð til bankaráðs liggja frammi tveimur dögum fyrir aðalfund. Einnig er hægt að nálgast þessi gögn á [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is).

Gerð er tillaga um breytingu á samþykktum félagsins, að aðalfundur samþykki endurnýjun á heimild bankaráðs til hækunar hlutfjár, að erlent aukheiti félagsins verði Landsbanki hf. og að tillaga um starfskjarastefnu sé lögð fram á aðalfundi. Einnig er gerð tillaga um að skýrsla bankaráðs liggji frammi viku fyrir aðalfund og að tveimur dögum fyrir aðalfund liggji fyrir upplýsingar um frambjóðendur til bankaráðs. Hluthöfum er bent á að kynna sér tillögurnar fyrir fundinn.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent við inngang í upphafi fundar.



Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár